

## FUNDARGERÐ

### Ársfundur Lífeyrissjóðs bankamanna Haldinn 26. maí 2021 á Hilton Reykjavík Nordica

---

Ársfundur Lífeyrissjóðs bankamanna fyrir árið 2021 var haldinn á Hilton Reykjavík Nordica, miðvikudaginn 26. maí 2021 kl. 17:00.

Fundurinn hófst með því að Ari Skúlason, formaður stjórnar sjóðsins bauð gesti velkomna og setti fundinn. Hann lagði til að Hinrik Greipsson yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt með lófataki.

Hinrik tók við stjórn fundarins og bauð fundargesti velkomna. Hinrik lagði til að Pálmi Rögnvaldsson tæki að sér fundarritun, var það samþykkt með lófataki.

Þá tilkynnti Hinrik að hann hefði kynnt sér boðun fundarins og að löglega hafi verið staðið að upphaflegri fundarboðun þar sem boðað var til ársfundar dags. 28. apríl sl., en þeim fundi var frestað vegna samkomubanns og útbreiðslu COVID-19, og að löglega hafi verið staðið að fundarboðun þessa ársfundar dags. 26. maí 2021. Hinrik bað fundargesti að gera athugasemdir teldu þeir ekki hafa verið boðað löglega til fundarins, enginn fundarmaður gerði athugasemd. Hinrik lýsti því yfir að fundarboðun væri í samræmi við samþykktir sjóðsins og að fundurinn væri þar með löglegur.

Á fundinum lágu frammi eftirfarandi gögn:

- 1) Ársreikningur fyrir árið 2020
- 2) Samþykktir Lífeyrissjóðs bankamanna

Á fundinum var sýnd glærukynning samhliða því að farið var yfir einstaka dagskrárlíði. Glærukynningin ásamt ársreikningi 2020 og tillögum stjórnar til breytinga á samþykktum sem samþykktar voru á fundinum, eru aðgengilegar á vefsíðu sjóðsins undir fréttaliðnum „Niðurstöður ársfundar 2021“. Tillögur til breytinga á samþykktum lágu jafnframt frammi á skrifstofu sjóðsins að Skipholti 50b fyrir fundinn og voru þá einnig aðgengilegar á vefsíðu sjóðsins.

Tryggingafræðilegar úttektir Bjarna Guðmundssonar, tryggingastærðfræðings, fyrir Hlutfallsdeild 2020 og Aldursdeild 2020 eru aðgengilegar sem sérskjöl á vefsíðu sjóðsins undir liðnum „Sjóðurinn“ og „Tryggingafræðileg athugun“ og jafnframt er umfjöllun um tryggingafræðilega athugun í ársreikningi 2020, á bls. 17 fyrir Hlutfallsdeild og á bls. 36 fyrir Aldursdeild.

Var því næst gengið til dagskrár sbr. 6. gr. samþykpta Lífeyrissjóðs bankamanna með breytingum samkvæmt ákvörðun fundarstjóra:

Röð dagskrárlíða var eftirfarandi:

- 1) Skýrsla stjórnar.
- 2) Ársreikningur 2020 og fjárfestingarstefnur.
- 3) Tryggingafræðileg athugun.

- 4) Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins, sbr. 7. gr. samþykktá.
- 5) Kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins.
- 6) Laun stjórnar- og skoðunarmanna.
- 7) Önnur mál.

a. Málefni Hlutfallsdeildar

Fyrsti dagskrárliður var skýrsla stjórnar.

1) Skýrsla stjórnar.

Ari Skúlason formaður stjórnar Lífeyrissjóðs bankamanna flutti skýrslu stjórnar og með leyfi Ara er hún birt hér orðrétt:

## „Skýrsla formanns á ársfundi Lífbank 26. maí 2021

Ágætu sjóðfélagar

Lífeyriskerfið er sífellt í umræðunni enda stórt og glæsilegt og skiptir marga miklu máli. Um síðustu áramót nam stærð lífeyriskerfisins okkar nær tvöfaldri landsframleiðslu og ég held að Holland sé eina landið í Evrópu sem á álíka stórt vinnumarkaðslífeyriskerfi.

Við heyrum oft hvernig sumir vilja eigna sér kerfið okkar og ráðskast með það, sérstaklega stjórnvöld og svo einstaka lukkuriddarar í verkalyðsforystunni sem vilja beita því í pólitískum tilgangi. Á síðustu árum hafa t.d. margoft verið gefnar heimildir af hálfu stjórnvalda til þess að ungt fólk (og eldra fólk) geti tekið út séreignasparnaðinn sinn og eytt honum. Oft hefur þetta verið tengt húsnæðismálum en á síðsta ári voru úttektir á séreignasparnaði líka heimilaðar vegna covid-faraldursins. Þarna er fólk að taka út sína eigin peninga og ráðstafa þeim en stjórnvöld hika svo ekki við að telja heimildir af þessu tagi með í umfangi þeirra pakka sem þau segjast vera að gefa fólkinu. Staðreyndin er auðvitað sú að fólk er að nota sína eigin peninga og oft á tíðum er það að greiða hærri skatta af úttektinni en það myndi gera síðar á lífsleiðinni. Ríkið fær hins vegar auknar skatttekjur.

Þið þekkið flest söguna um það hvernig lífeyriskerfið á vinnumarkaðnum átti að verða viðbót við hefðbundinn ellilífeyri frá Tryggingastofnun. Reyndin varð reyndar ekki sú þegar upp var staðið og nú er ástandið þannig að stjórnvöld fárra vestrænna ríkja sleppa betur við að eyða peningum í eftirlaun fólks. Í samanburði við nálægar þjóðir er það sérstaklega tvennt sem ríkissjóður sparar sér í útgjöldum hér á landi, það eru lífeyrisgreiðslur til þegnanna og útgjöld til hermála.

Á Alþingi liggur nú fyrir frumvarp um breytingar á lögum um lífeyrissjóði sem boðar stærstu breytingar á réttindakafla laganna frá árinu 1997. Að mínu mati munu boðaðar breytingar hafa veruleg áhrif á lífeyrissparnað flestra landsmanna og það er langt frá því að allir séu sáttir. Með frumvarpinu telja stjórnvöld sig vera að efna skuldbindingar sínar gagnvart Alþýðusambandinu og Samtökum atvinnulífsins vegna Lífskjarasamningsins frá árinu 2019.

Frumvarpið er reyndar ekki alvont. Í því er að finna ýmsar jákvæðar breytingar sem almenn sátt ríkir um. Aðrar breytingar eru því miður ekki jafn vel ígrundaðar og á það sérstaklega við um tillögur um svonefnda tilgreinda séreign, sem nú stendur til að lögfesta, þrátt fyrir fjölmargar ábendingar þess efnis að slíkt muni einungis flækja lífeyrissjóðakerfið enn meira en nú er, og finnst mörgum það nógu flókið fyrir.

Samkvæmt nágildandi lögum geta lífeyrissjóðir boðið sjóðfélögum töluvert val og sveigjanleika hvað varðar þann hluta skylduiðgjalds sem ráðstafað er í frjálsa séreign. Góð sátt hefur ríkt um þetta fyrirkomulag í meira en tvo áratugi en tillögur stjórnvalda nú um lögfestingu tilgreindrar séreignar ógna þessari sátt.

Þessi nýja tegundar séreignar á rætur að rekja til kjarasamnings ASÍ og SA en þeir lífeyrissjóðir sem starfa á samningssviði samtakanna, sem eru reyndar einungis 7 sjóðir af þeim 21 sjóðum sem eru starfandi, hafa nú þegar tekið upp ákvæði um tilgreinda séreign. Önnur samtök á almennum vinnumarkaði hafa hins vegar ekki samið um tilgreinda séreign og það sama á við um opinbera starfsmenn og aðra hópa og alls ekki starfsfólk á fjármálamarkaði. Það er dálítið skrýtin staða að aðilar á vinnumarkaði sem eru í forsvari fyrir lífeyrissjóði sem eru minnihluti af lífeyriskerfinu, hvort sem lítið er til fjölda sjóðsfélaga, umfangs eigna eða iðgjalda sjóðfélaga, telji sig vera í aðstöðu til að þvinga slíkri löggjöf upp á meirihluta launamanna í landinu án nægjanlegs undirbúnings og samtals við viðeigandi hagsmunaaðila, auðvitað með dyggri aðstoð stjórnvalda.

Komi til þess að tilgreind séreign verði lögfest mun það valda ómældum flækjum og ruglingi hjá sjóðfélögum, lífeyrissjóðum og öðrum hagsmunaaðilum og gera sjóðfélögum erfiðara um vik að taka ákvarðanir um uppbyggingu á lífeyrissparnaði sínum og hentugasta fyrirkomulag á útgreiðslum hans.

Önnur ákvæði frumvarpsins eru einnig umdeild og má þar nefna hækkun skylduaðildar úr 16 ára í 18 ára aldur, **breytingu yfir í árlega verðtryggingu lífeyris í stað mánaðarlegrar verðtryggingar, breytingar á áhrifum útgreiðslna séreignarsparnaðar á lífeyri almannatrygginga** og hækkun lágmarksiðgjalds og lágmarkstryggingaverndar. Þessi ákvæði og fleiri bera þess augljóslega merki að skort hefur á undirbúning og samvinnu við gerð frumvarpsins, m.a. við lífeyrissjóði, stéttarfélag opinberra starfsmanna og annarra stéttafélaga utan ASÍ, t.d. samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja.

Stjórnvöld, sem stundum halda að þau eigi lífeyriskerfið, hafa reyndar boðað vinnu um grænbók um lífeyrismál og heildarendurskoðun lífeyriskerfisins sem átti að ljúka vorið 2021 með víðtæku samráði hagsmunaaðila. Sú vinna hefur hins vegar tafist. Við í stjórn Lífeyrissjóðs bankamanna, ásamt stjórnnum fleiri lífeyrissjóða, teljum hvorki rétt né skynsamlegt að breyta lögum og flækja lífeyriskerfið að óþörfu áður en þetta boðaða hvítbókarstarf hefst. Við höfum því lagt til að fyrirhugaðar lagabreytingar verði dregnar til baka, eða í það minnsta gerðar valkvæðar hvað varðar tilgreinda séreign ef stjórnvöld telja sig þurfa að uppfylla loforð gagnvart ASÍ og SA. Við teljum augljóst að betur fari á því að umdeild efnisatriði frumvarpsins verði tekin til umfjöllunar í grænbókarvinnunni og þá tekið tillit til sjónarmiða hagsmunaaðila og leitað leiða til að einfalda lífeyriskerfið öllum til hagsbóta.

Við erum lítill lífeyrissjóður. Að meðaltali greiddu 110 sjóðfélagar iðgjöld í Hlutfallsdeild á árinu 2019 og 1.721 í Aldursdeild eða alls 1.839. Virkum sjóðfélögum í aldursdeild fækkaði um rúmlega 30 á árinu, um rúmlega 60 á árið á undan og árið þar áður fækkaði þeim um u.þ.b. 50. Greiðandi sjóðfélögum í Aldursdeild hefur þannig fækkað um u.þ.b. 140 á þremur árum. Miðað við stærð íslenska lífeyriskerfisins erum við frekar lítill sjóður, númer 13 af 21 starfandi sjóðum og erum nú með hreina eign uppá 92 milljarða króna sem ég held að sé um 8% af hreinni eign allra lífeyrissjóðanna.

Við stöndum okkur þokkalega miðað við að við förum alltaf varlega. Hrein raunávöxtun Hlutfallsdeildar nam 3,5% á árinu 2020. Í Aldursdeild nam

raunávöxtunin 7,7%. Meðalávöxtun Hlutfallsdeildar hefur verið 4,2% síðustu 10 ár og 4,8% hjá Aldursdeild. Hlutfallsdeildin er rekin með mjög traustum og íhaldssömum hætti án mikillar áhættu og ávöxtun því yfirleitt vel fyrirsjáanleg. Eignasamsetning Aldursdeildar hefur breyst töluvert á síðustu árum, enda um mun yngri deild að ræða sem getur tekið meiri áhættu, enda hefur ávöxtun deildarinnar verið mun betri en Hlutfallsdeildar á allra síðustu árum. Áhættustig aldursdeildar er þó ekki mjög hátt miðað við suma aðra sjóði.

Ólíkar uppgjörsaðferðir skekkja samanburð milli lífeyrissjóða. Lífeyrissjóður bankamanna metur meirihluta skuldabréfa beggja deilda á kaupkröfu en ekki á markaðsverð eins og margir sjóðir gera. Væri miðað við markaðsverð hefði ávöxtunin verið mun hærri 2020, og á það sérstaklega við um Hlutfallsdeildina. Tryggni fer betur yfir.

Ávöxtunin segir reyndar ekki alla söguna fyrir sjóðfélaga. Þar skiptir ávinnsla réttinda ekki síður máli og hún er mun betri hjá okkur en flestum ef ekki öllum lífeyrissjóðum. Sé lítið á meðalávinnslu 25-64 ára fyrir hvert 10.000 kr. iðgjald er hún 1401 króna nú hjá okkur og af þeim sjóðum sem við þekkjum er hún 5,4% hærri en hjá næsta sjóði og t.d. 8,3% hærri en hjá Lífeyrissjóði verslunarmanna. Þessar tölur skipta ekki síður máli en þær árlegu ávöxtunartölur sem sumir sjóðir kjósa að kasta fram þau ár sem vel gengur.

#### Góðir sjóðsfélagar

Að mínu mati stöndum við frammi fyrir tveimur – kannski þremur – stórum málum hvað varðar okkur sjálf:

1. Í fyrsta lagi – hvernig verður framtíð lítills lífeyrissjóðs
2. Í öðru lagi er það dómsmál Hlutfallsdeildar – þar er stór pakki sem hefur neikvæð áhrif á okkur öll og mikilvægt að leiða til lykta sem allra fyrst.
3. Í þriðja lagi eru það svo vaxtakjörin sem hafa breyst með þeim hætti á síðustu misserum að sífellt verður erfiðara að ná þeirri ávöxtun sem talin hefur verið ásættanleg fram að þessu.

Við erum í þeirri stöðu að okkur hefur fækkað nær stöðugt á síðustu árum í samræmi við fækkun starfsfólks í fjármálakerfinu. Sameining Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans tafði þá þróun eitthvað, en líklegasta sviðsmyndin er að fækkun í greininni haldi áfram, t.d. í samræmi við aukna netbankaþjónustu og aukna sjálfvirkni. Stjórn sjóðsins þarf því að íhuga gaumgæfilega hver sé hagstæðasta framtíðin fyrir sjóðinn og hvernig sé með sem bestum hætti hægt að tryggja hag sjóðfélaga sem best. Þetta er ein af stærstu spurningum næstu ára. Það vekur þó athygli að stærðarhagkvæmni virðist lítil meðal lífeyrissjóða og er Lífeyrissjóður bankamanna með lægri rekstrarkostnað miðað við eignir en margir mun stærri sjóðir. Glæra 9.

Við finnum æ meira fyrir því að vegið sé að því kerfi lífeyrismála sem íslenskir bankamenn hafa búið við í fjölda ára og byggir á samkomulagi nokkurra fyrirtækja við starfsmenn sína um lífeyrismál og rekstur sjóðsins. Þetta samkomulag hefur verið gagnrýnt af ákveðnum hópum sem ekki hafa verið fjölmennir og hafa t.d. verið fluttar tillögur um aðildarfrelsi að okkar sjóði hér á ársfundi. Nú er svo komið að

heyrst hefur af málssóknum starfsmanna úr okkar röðum gagnvart þeim fyrirtækjum sem þeir vinna hjá til þess að hrinda þeirri skylduaðild sem verið hefur að sjóðnum innan viðkomandi fyrirtækja. Stjórn Lífeyrissjóðs bankamanna tekur þessa umræðu mjög alvarlega og innan stjórnar hefur farið fram ítarleg umræða um framtíð sjóðsins og hvernig hagsmunir sjóðfélaga verða tryggðir með sem bestum hætti.

### **Málarekstur vegna Hlutfallsdeildar**

Eitt af stærri málum okkar á undanförunum misserum er dómsmálið gagnvart aðildarfélögum sjóðsins og ríkissjóði. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir sjóðsins reyndist ekki vilji til viðræðna og samninga um málið hjá aðildarfyrirtækjunum og ríkinu og því höfðaði sjóðurinn dómsmál til að freista þess að rétta hlut sjóðsfélaga Hlutfallsdeildar.

Þátt fyrir að kröfurnar í málinu séu einfaldar og byggja á nákvæmri matsgerð dómskvadds matsmanns um leiðréttingu er málið mjög flókið í lögfræðilegu tilliti. Við erum í rauninni að reka málið sem réttlætismál, ætlum að reyna að fá dómsúrskurð um að eðlilegt sé að breyta ósanngjörnum samningi í sanngjarnari átt (byggt á 36. grein samningalaga).

Í september 2018 birti Lífeyrissjóður bankamanna aðildarfélögum Hlutfallsdeildar og Íslenska ríkinu stefnu þar sem sjóðurinn taldi að samkomulag í tengslum við uppgjör ábyrgðar á skuldbindingum árið 1997 hafi verið ósanngjarnt, forsendur þess hafi brostið og aðildarfélögin og ríkissjóður hefðu auðgast með óréttmætum hætti á kostnað sjóðsins og sjóðfélaga. Stefnan var svo **þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í október 2018**, fyrir bráðum þremur árum.

Málflutningur sjóðsins byggir þannig á því að veruleg frávík hafi orðið frá forsendum samkomulagsins frá 1997 og fjárhagsleg áhrif þess verulega óhagstæð fyrir sjóðinn. Þessi forsendubrestur var staðfestur með matsgerð dómskvadds matsmanns í október 2017 sem mat umfang hans á um 5,4 milljarða króna í lok árs 2015 m.v. þróun verðlags. Dómkröfur byggja að verulegu leyti á þessari matsgerð og er gerð krafa um að samkomulaginu frá 1997 sé breytt og viðbótargreiðsla að fjárhæð 5,4 milljarðar króna verði innt af hendi. Auk þess er gerð krafa um að ábyrgð aðila á skuldbindingum deildarinnar verði endurvakin.

Eftir að Landsréttur hafnaði frávísunarkröfum gagnaðila júní 2019 og var ljóst að málið færi til efnismeðferðar. Rekstur dómsmálsins hefur haldið áfram fyrir Héraðsdómi og hefur gagnaöflun aðila tekið mun lengri tíma en ráð var fyrir gert.

Efnismeðferð í málinu hófst fyrir Héraðsdómi í september 2019, eða fyrir tæpum fyrir tveimur árum, og hefur þokast hægt sökum fjölmargra óska um gagnaöflun af hálfu gagnaðila sem virðist ekki hafa hugað fyrir alvöru að málinu fyrr en frávísunarkröfum þeirra var hafnað í Landsrétti. Ágreiningur um matsbeiðnir getur kallað á sérstakan málflutning líkt og við fengum að kynnast, en okkar fyrsta matsbeiðni endaði fyrir Hæstarétti. Okkar aðferð hefur því verið að vera þolinmóð, malda í móinn og reyna að koma dómáranum í skilning um að margt af því sem beðið er um bæti litlu við það sem þegar er komið fram. Bjartsýnustu spár fyrir ári síðan gerðu ráð fyrir niðurstöðu öðru hvorum megin við síðustu áramót sem augljóslega gekk ekki eftir.

Nú er hins vegar loksins komið að ákveðnum þáttaskilum því í fyrirtöku fyrr í dag var ákveðið að gagnaöflun í málinu sé lokið og að málflutningur verði haldinn fyrir héraðsdómi þann 18. október eða um þremur árum eftir að málið var þingfest. Síðan

má búast við dómi um 4 vikum síðar. Þá er reiknað með að 3 dómara verði í málinu en venjulega dæmir 1 dómari í héraði. Leitað verður að sérfróðum aðstoðardómurum í því sambandi. Það er hins vegar nokkuð víst að dómi verður áfrýjað, hver sem niðurstaðan verður, og það kallar á nokkra mánuði í viðbót, að minnsta kosti. En það náðist allavega stór áfangi í málinu fyrr í dag.

Stjórn sjóðsins hefur til þessa gert ráð fyrir að starfsemi sjóðsins verði með svipuðu sniði á allra næstu misserum í umhverfi mjög lágra vaxta og versnandi ávöxtunarkjara. Vaxtakjör eru orðin þannig hér á landi að sífellt erfiðara er orðið að ná þeirri ávöxtun sem hefur verið markmið lífeyrissjóða og talin ásættanleg. Við erum að því leyti að nálgast þá stöðu sem lífeyrissjóðir í nágrannalöndunum sem hafa starfað í lágvaxtaumhverfi í mörg ár. Dómsmál Hlutfallsdeildar mun vera ofarlega á dagskrá á næstu mánuðum og í kjölfar þess verður eflaut til skoðunar hvort fýsilegt kunni að vera að sameina deildir sjóðsins að nýju með það að markmiði að treysta rekstur hans. Eins og ég hef áður komið inn á hefur farið fram alvarlega umræða innan stjórnar um framtíð sjóðsins og hvernig beri að haga starfi hans á næstu árum til þess að vernda hagsmuni sjóðsfélaga sem best, mögulega með nánú samstarfi við aðra sjóði eða jafnvel sameiningu.

Ég þakka sjóðfélögum, stjórnarmönnum sjóðsins og starfsmönnum kærlega fyrir gott og uppbyggilegt samstarf síðustu ár. Lífeyrissjóður bankamanna er öflugur og vel rekinn lífeyrissjóður og það er mikilvægt á næstu árum að vanda sérhvert skref sem við tökum til að ná sem mestum ábata fyrir sjóðfélaga.

**Ari Skúlason, formaður stjórnar Lífeyrissjóðs bankamanna**

Þegar Ari hafði lokið máli sínu var komið að næsta dagskrárlið sem var ársreikningar 2020 og fjárfestingarstefnur.

## **2) Ársreikningur 2020 og fjárfestingarstefnur.**

Tryggvi Tryggvason, framkvæmdastjóri sjóðsins, tók næstur til máls og gerði grein fyrir ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2020 og fjárfestingarstefnum. Tryggvi sýndi glærur samhliða umfjöllun sinni til frekari skýringa. Ársreikningur 2020 lá frammi á fundinum og var jafnframt aðgengilegur á vefsíðu sjóðsins. Glærukynningin aðgengileg á vefsíðu sjóðsins undir fréttaliðnum „Niðurstöður ársfundar 2021“.

Tryggvi hóf umfjöllun sína með því að stikla á stóru yfir nokkur lykilatriði er varða ávöxtun, uppgjörsaðferðir, vaxtaumhverfið, þróun hreinnar eignar og raunávöxtunar og rekstrarkostnað. Fjallaði Tryggvi fyrst um ávöxtun beggja deilda, Hlutfallsdeild yfir 3,5% ávöxtunar viðmiði og Aldursdeild að sýna heldur betri ávöxtun upp á síðkastið. Tryggvi nefndi að skoða bæri samanburð milli deilda í samhengi við áhættustig þeirra sem væri mismunandi. Þá benti Tryggvi á að gott væri að hafa í huga varðandi samanburð á ávöxtun sjóðsins við ávöxtun annarra sjóða að uppgjörsaðferðir skekkja samanburð milli sjóða þar sem Lífeyrissjóður bankamanna geri skuldabréf upp á kaupkröfu sem leiði til þess að sjóðurinn bókfæri lægri ávöxtun en ella hefði verið hægt að bókfæra ef gert væri upp á markaðskröfu sem aðrir sjóðir gera. Þessi munur á uppgjörsaðferðum hefði hinsvegar ekki áhrif á tryggingafræðilega úttekt sem sýnir rétta stöðu óháð uppgjörsaðferðum. Í máli Tryggva kom m.a. fram er varðar Hlutfallsdeild að

fjárfestingarstefna Hlutfallsdeildar væri mjög varfærin en ávöxtun deildarinnar hinsvegar ágæt og yfir 3,5% ávöxtun. Vegna eðlis deildarinnar væri markmið sjóðsins að viðhalda stöðugri og eins fyrirsjáanlegri ávöxtun og unnt væri. Er varðar Aldursdeild nefndi Tryggvi að ávöxtun hafi verið með ágætum en eignasafn deildarinnar innihaldi áhættu- og sveiflumeiri eignir en eru í eignasafni Hlutfallsdeildar. Endurspegli það eðli Aldursdeildar sem hefur meira þol til að standa af sér sveiflur til lengri tíma en Hlutfallsdeild. Að lokum nefndi Tryggvi varðandi rekstrarkostnað og samanburð á rekstrarkostnaði milli sjóða (glæra 10) að Lífeyrissjóður bankamanna væri í lægri endanum hvað varðaði rekstrarkostnað sem hlutfall af hreinni eign þrátt fyrir smæð sjóðsins og sem gæfi í skyn að ekki væri augljós stærðarhagkvæmni af rekstri sjóða sem út af fyrir sig væri umhugsunarefni og e.t.v. rannsóknarefni. Samhliða umfjöllun sinni sýndi Tryggvi glærur og vísast til bls. 5-10 í glærुकynningu þar um.

Því næst vék Tryggvi máli sínu að ársreikningi 2020 og sýndi glærur samhliða þeirri umfjöllun.

Fyrst fjallaði Tryggvi um Hlutfallsdeild. Tryggvi fór yfir breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2020, efnahagsreikning og sjóðstreymi. Þá fjallaði Tryggvi einnig um tryggingafræðilega stöðu deildarinnar. Í máli Tryggva kom m.a. fram að iðgjöld færu minnkandi ár frá ári eftir því sem að sjóðfélögum fækkaði. Þá væri greiddur lífeyrir rúmlega 2 milljarðar en greiddur lífeyrir hefði dregist saman milli ára þar sem greiddur örorkulífeyrir og makalífeyrir lækkaði milli ára. Þá hefði hlutfall Hlutfallsdeildar í rekstrarkostnaði sjóðsins minnkað þar sem rekstrarkostnaði væri skipt milli deilda í hlutfalli við stærð sjóðsins. Í lok árs 2020 voru greiðandi sjóðfélagar 110 og lífeyrisþegar 1131 en vegna eðlis deildarinnar fækkar greiðandi sjóðfélögum milli ára og lífeyrisþegum fjölgar. Tölulegar upplýsingar um stöðu Hlutfallsdeildar má nálgast í ársreikningi sjóðsins á bls. 14-16, ásamt skýringum á bls. 18-31, og á bls. 12-19 í glærुकynningu.

Næst fjallaði Tryggvi um Aldursdeild. Tryggvi fór yfir breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris árið 2020, efnahagsreikning og sjóðstreymi. Þá fjallaði Tryggvi einnig um tryggingafræðilega stöðu deildarinnar. Í máli Tryggva kom m.a. fram að Aldursdeild væri talsvert ólík Hlutfallsdeild. Iðgjöld væru umtalsverður hluti af rekstri deildarinnar, svipuð að fjárhæð og árið áður þrátt fyrir fækkun greiðandi sjóðfélaga. Þá hefði greiðandi sjóðfélögum fækkað milli ára en um helmingur þeirra sem hverfi úr starfi kjósi að sækja um undanþágu til að vera áfram í sjóðnum og sjóðurinn heimili það oft, en við mat á því horfi sjóðurinn fyrst og fremst til nýs launagreiðanda viðkomandi sjóðfélaga. Fækkun sjóðfélaga væri því minni en fækkun starfsmanna hjá aðildarfyrirtækjum. Tölulegar upplýsingar um stöðu Aldursdeildar má nálgast í ársreikningi sjóðsins á bls. 33-36, ásamt skýringum á bls. 37-51, og á bls. 21-31 í glærुकynningu.

Tryggvi bauð upp á spurningar um ársreikning ef einhverjar væru á þessum tímapunkti. Annars væri alltaf hægt að koma þeim að í lok umfjöllunar. Engar spurningar voru bornar fram.

Þessu næst gerði Tryggvi grein fyrir fjárfestingarstefnum deildanna.

Í máli Tryggva um fjárfestingarstefnu Hlutfallsdeildar kom m.a. fram Fjárfestingarstefna Hlutfallsdeildar væri varkár og áfram væri lágt áhættustig. Ástæðan fyrir þessu væri sú að um væri að ræða lokaða deild sem þolir illa sveiflur í ávöxtun. Stór hluti eigna hafi áður verið í bundnum innlánnum sem féllu á gjalddaga á síðasta ári og var þeim ráðstafað að mestu í lausafjár sjóði og svokölluð „önnur“ skuldabréf sem sjóðurinn teldi áhættulítill. Þá nefndi Tryggvi varðandi myndræna framsetningu stefnunnar á bls. 33 í

glærुकynningu að efst væru áhættuminnstu eignaflokkarnir og áhættumeiri eignaflokkar eftir því sem neðar dregur. Uppistaða eigna Hlutfallsdeildar væru skuldabréf og þá einkum ríkisskuldabréf.

Í máli Tryggva um fjárfestingarstefnu Aldursdeildar kom m.a. fram að stefnan væri áhættumeiri en stefna Hlutfallsdeildar en e.t.v. væri hún varfærnari en sambærilegar deildir annarra lífeyrissjóða. Þá vísaði Tryggvi til myndrænu framsetningu stefnunnar á bls. 34 í glærुकynningu og benti á að erlendar eignir hefðu aukist áberandi mest í eignasafni deildarinnar. Þá hafi svokölluð „önnur“ skuldabréf aukist á kostnað innlána og ríkisskuldabréfa. Þetta endurspeglar þróun og eðlismun deilda sjóðsins.

Samhliða umfjöllun um fjárfestingarstefnur sýndi Tryggvi glærur á bls. 33-36 í glærुकynningu.

Tryggvi lauk máli sínu og bauð fundarmönnum að koma með spurningar ef einhverjar væru. Tryggvi þakkaði fyrir sig.

Hinrik þakkaði Tryggva og nefndi að það hefði gleymst að bjóða upp á umræður um skýrslur stjórnar eftir yfirferð Ara en með leyfi fundar þá væri hægt að koma að spurningum eða athugasemdum um skýrslu stjórnar núna.

Hinrik kvað því orðið laust til umræðna fundar um skýrslu stjórnar, ársreikning 2020 og fjárfestingarstefnur. Ef einhverjir hefðu spurningar til Ara eða Tryggva þá væru þeir hér tilbúnir til að svara.

Guðríður Kristjánsdóttir rétti upp hönd og fékk orðið. Guðríður var með spurningu um ársreikning 2020. Guðríður nefndi að það væri tala í efnahagsreikningi Hlutfallsdeildar á bls. 15 sem skilgreind væri sem „aðrar skuldir“ upp á 19,234. Guðríður óskaði nánari skýringa á þessari tölu.

Tryggvi svaraði og nefndi að „aðrar skuldir“ í ársreikningi væru í grunninn ógreiddur kostnaður um áramót en uppistaða þeirrar tölu sem um ræddi væri ógreiddur skattur.

Ekki voru fleiri spurningar.

Hinrik bar því næst ársreikning 2020 og skýrslu stjórnar upp til samþykktar. Ársreikningur og skýrsla stjórnar voru samþykktar samhliða.

Næst var komið að tryggingafræðilegri úttekt.

### **3) Tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins.**

Bjarni Guðmundsson, tryggingafræðingur sjóðsins, gerði grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt Hlutfallsdeildar og Aldursdeildar ásamt því að sýna glærur máli sínu til stuðnings. Glærur fundarins eru aðgengilegar á vefsíðu sjóðsins undir fréttaliðnum „Niðurstöður ársfundar 2021“ og eru glærur um tryggingafræðilega úttekt á bls. 38-43 í glærुकynningu. Þá skal tekið fram að Tryggingafræðileg úttekt er einnig aðgengileg í ársreikningi, á bls. 17 fyrir Hlutfallsdeild og á bls. 36 fyrir Aldursdeild, og á vefsíðu sjóðsins undir liðnum „Sjóðurinn“ og „Tryggingafræðileg athugun“.



Í máli Bjarna kom m.a. fram að forsendur hefðu ekki breyst frá því í fyrra. Þó bæri að benda á að framsetning tryggingafræðilegrar athugunar væri örlítið ólík eftir því sem hún væri sett fram í ársreikningi eða í sér skjölum hans sem aðgengileg eru á vefsíðu sjóðsins. Ástæðan fyrir þessu væri munur á reglum sem gilda um framsetningu tryggingafræðilegrar athugunar í þessum skjölum er varðar flokkun á rekstrarkostnaði. Þetta skýrði örlítinn mun á prósentu hlutfalli sem kemur út í tryggingafræðilegri stöðu í þessum skjölum. Bjarni fór því næst yfir lykiltölur Hlutfallsdeildar og Aldursdeildar. Að lokum nefndi Bjarni að hann teldi tímabært að huga að breytingu réttindaávinnslu sem væri miðuð við forsendur fyrir árið 2007 þar sem forsendur hefðu breyst talsvert frá þeim tíma. Bjarni þakkaði fyrir sig. Nánar um umfjöllun Bjarna á fundinum vísast til bls. 38-40 í glærुकynningu sem sýnd var samhliða umfjöllun hans.

Hinrik þakkaði Bjarna fyrir yfirferð sína og gaf orðið laust fyrir spurningar fundarmanna.

Engar spurningar voru bornar fram um tryggingafræðilega athugun.

Næsti dagskrárliður var tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins.

#### **4) Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins, sbr. 7. gr. samþykktá.**

Hinrik tók til máls og kynnti að fyrir fundinum lægi að taka ákvörðun um þrjár tillögur stjórnar sjóðsins til breytinga á samþykktum. Tillögurnar hafi legið frammi á skrifstofu sjóðsins og einnig verið aðgengilegar á vefsíðu sjóðsins fyrir fundinn.

Hinrik bauð Tryggva velkominn í pontu til að kynna tillögurnar.

Tryggvi sýndi glæur með hverri tillögu þar sem greinargerðir með tillögunum komu fram. Vísast til bls. 45-47 í glærुकynningu þar um.

Tryggvi tók til máls og í máli hans kom fram að um væri að ræða þrjár tillögur frá stjórn.

1. Fyrsta tillaga stjórnar leiðir af lögum og varðar 2. gr. samþykktá. Með þessari tillögu væri verið að færa inn í samþykktir ákvæði sem væri lögbundið og varðaði kynjahlutföll. Tryggvi nefndi að sjóðurinn hefði leitast við að fylgja þessu í framkvæmd en nú væri tillaga um að skýra hvernig þessum markmiðum verði náð og setja fram í samþykktir. Í þessari tillögu felist að ef kjör á sjóðfélagafundi leiðir til þess að í efstu tveimur sætum verði einstaklingar af sama kyni þá skuli sá þriðji vera af gagnstæðu kyni ef unnt er. Tryggvi vísaði að öðru leyti til greinargerðar með tillögu sem aðgengileg er í glærुकynningu.
2. Önnur tillaga stjórnar kemur fram að undangenginni áskorun Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands til sjóðsins og varðar einnig 2. gr. samþykktá. Með tillögunni er lagt til að 2. gr. samþykktá verði breytt með þeim hætti að bæta við nýrri málsgrein um heimild til afturköllunar á umboði stjórnarmanns þannig að sá sem kjörið hefur eða tilnefnt hefur stjórnarmann hafi heimild til að afturkalla umboð þess stjórnarmanns. Sjónarmið sjóðsins voru þau að eðlilegra væri að hafa ákvæði af þessu tagi í lögum en niðurstaðan var sú að FSÍ óskaði eftir því að ákvæði af þessu tagi yrði fært inn í samþykktir sjóða. Vísast til greinargerðar í glærुकynningu.

3. Þriðja tillaga stjórnar varðar 6. gr. samþykktu um ársfundi sjóðsins. Í fyrsta lagi er verið að leggja til breytingu á orðalagi varðandi fyrirvara á boðun fundar, skýrara orðalag. Í öðru lagi er verið að leggja til breytingu á orðalagi varðandi auglýsingu á boðun fundar, meira svigrúm. Í þriðja lagi er lagt til breytingu á orðalagi til að auka svigrúm varðandi tímafresti en síðustu tveir ársfundir hafa sýnt okkur að ágætt sé að hafa svigrúm til að halda fund og við teljum eðlilegt að hafa sömu mörk og í lögum og binda það ekki við lok apríl heldur við júní eins og áskilið er í lögum. Tryggvi vísar til greinargerð með tillögu í glærukynningu.

Í máli Tryggva kom fram að þær tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins sem samþykktar væru á þessum fundi færu næst til umsagnar hjá aðildarfyrirtækjum og ef aðildarfyrirtæki samþykkja tillögurnar þá færu þær þarnæst til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands til staðfestingar. Þannig að ferli breytinga á samþykktum sjóðsins getur tekið nokkurn tíma. Tryggvi þakkaði fyrir sig.

Hinrik tók við fundarstjórn og bauð fundarmönnum að koma að spurningum um fyrstu tillögu um nýja málsgrein við 2. gr. samþykktu er varðar kynjahlutföll.

Júlíus Óskarsson var með spurningu um fyrstu tillögu. Júlíus nefndi að nú væru þrír stjórnarmenn kosnir annaðhvert ár hjá sjóðnum. Þá gætu komið upp þær aðstæður að aðeins þrír karlar væru í framboði. Spurði Júlíus hvernig yrði leyst úr því.

Tryggvi Tryggvason svaraði og benti á að í lokamálslið tillagðar málsgreinar væri vísað til þess að við tilnefningu og kjör aðildarfyrirtækja beri þeim að gæta að kynjahlutföllum, m.a. með hliðsjón af heildarskipun stjórnar. Nefndi Tryggvi að skilja mætti þennan málslið þannig að ef þrír karlar eða konur væru kosnir sem stjórnarmenn á ársfundi þá félli það til aðildarfyrirtækja að gæta að kynjahlutföllum í samræmi við þetta þá þannig að þeir þrír stjórnarmenn sem kæmu þaðan væru af gagnstæðu kyni, þannig að heildarskipan stjórnar verði í samræmi við 2. gr. samþykktu.

Hinrik kvað orðið enn laust um fyrstu tillögu um kynjahlutföll. Enginn bað um orðið. Hinrik bar þá tillöguna undir atkvæðagreiðslu fundar. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Hinrik kvað þá næstu tillögu um nýja málsgrein við 2. gr. samþykktu er varðar afturköllun umboðs stjórnarmanna vera borna upp til atkvæðagreiðslu. Áður en af því varð benti Hinrik á að orðið væri laust en enginn kvað sér hljóðs. Tillagan var því borin upp til atkvæðagreiðslu og var samþykkt samhljóða.

Hinrik kvað því næst þriðju tillögu stjórnar um breytingar á 6. gr. samþykktu er varðar ársfundi vera borna upp til samþykktu. Hinrik benti á að orðið væri laust áður en til atkvæðagreiðslu kæmi.

Hjörvar Jensson kvað sér hljóðs varðandi boðun ársfunda. Hjörvar spurði hvort það mætti jafnframt boða til fundar með smáskilaboðum („sms“-skilaboðum í síma) eða með tölvupósti. Hjörvar nefndi að hann hafi ekki vitað um þennan fund fyrr en í gær og þá fyrir tilviljun. Hann til dæmis færi ekki inn á heimasíðu sjóðsins nema nauðsyn krefði.

Þá kvað Guðríður Kristjánsdóttir sér hljóðs varðandi boðun ársfunda. Guðríður sagðist vera á svipuðum slóðum og fyrri fundarmaður varðandi þessa þriðju tillögu. Fyrirvarinn skiptir mig ekki máli. Guðríður spurði hvort orðalag tillögunnar væri nægilega fast

ákveðið, í tillögunni er orðalagið þannig að það skuli boða með minnst fjögurra vikna fyrirvara með tryggilegum hætti t.d. með auglýsingu í dagblaði, útvarpi eða á heimasíðu sjóðsins. Guðríður nefndi að hennar vegna mætti einfaldlega vera skýrt í samþykktum hvernig fundurinn verður boðaður ekki bara telja upp í dæmaskyni einhverja möguleika í þeim efnum. Þá benti Guðríður á að gott væri að boða til fundar áfram í dagblaði þar sem hún teldi marga sjóðfélaga enn lesa dagblað og væru e.t.v. ekki allir sjóðfélagar mjög tæknivæddir.

Sigurjón Gunnarsson kvað sér hljóðs um þriðju tillögu til breytinga á samþykktum. Sigurjón benti á að vegna frestunar funda þetta árið þá hafi sjóðurinn leitað leiða til að tryggja að upplýsingar um frestun funda kæmst tryggilega til sjóðfélaga og var tilkynning þess efnis því m.a. birt á launaseðli. Þá nefndi Sigurjón að upp hafi komið tillaga um að boða til fundar í dagblaði. Sigurjón nefndi að það kostaði auðvitað eitthvað en ef það væri talið nauðsynlegt að birta með þeim hætti þá e.t.v. væri kostnaðurinn ekki svo mikill. Þá nefndi Sigurjón að hann teldi fram komna tillögu duga og eðlilegt væri að stjórn sjóðsins noti alla þá miðla sem eðlilegt getur talist að nota á hverjum tíma við boðun fundar, t.d. yfirlit sjóðsins sem sent er til allra sjóðfélaga og/eða Facebook ef við á. Að lokum nefndi Sigurjón að hann teldi óþarfa að telja upp allar boðunarleiðir í samþykktum. Sigurjón þakkaði fyrir sig.

Tryggvi Tryggvason tók til máls og þakkaði fyrir líflegar umræður og ágætar ábendingar. Í máli Tryggva kom m.a. fram að í samþykktum væri núna eingöngu fyrirskipað að auglýsa fundinn í dagblaði. Með tillögu stjórnar um breytingar væri í fyrsta lagi verið að útvíkka með hvaða hætti yrði auglýst. Í umræðum hefði til dæmis verið stungið upp á samfélagsmiðlum og sms-smáskilaboðum ásamt fleiri góðum ábendingum. Tryggvi nefndi að hann teldi að sjóðurinn væri með þessum breytingum að nálgast það markmið að nýta fleiri miðla, m.ö.o. ekki að banna notkun miðla eða fyrirskipa að nota skuli einn eða tvo miðla, heldur væri verið að opna fyrir heimildir sjóðsins til að nota fleiri. Það væri kveðið á um það í samþykktum að auglýsa með tryggilegum hætti og það væri hlutverk stjórnar sjóðsins að starfa eftir samþykktum og þá nefndi Tryggvi að hann teldi að stjórnin myndi nota þá miðla sem henta á hverjum tíma. Í tillögunni er nefnt í dæmaskyni, dagblað, útvarp og heimasíðuna. Tryggvi nefndi að lokum að hann teldi að áfram yrði auglýst í dagblöðum og með tillögunni væri svo bara verið að útvíkka þá miðla sem sjóðnum verður heimilt að nýta sér til að ná markmiðinu, sem er tryggileg boðun. Framför að minnsta kosti.

Hinrik tók til máls og nefndi að hann treysti því að sjóðurinn muni auglýsa fundi á tryggilegan máta. Hinrik nefndi að hann liti á ábendingar um tölvupóst eða sms-smáskilaboð ekki sem breytingartillögur heldur frekar að hér væri verið að benda sjóðnum á fleiri leiðir til að boða til funda. Hinrik benti á að hann treysti því að sjóðurinn vilji fá sem flesta á ársfundi og muni þá skoða hvernig því markmiði verður náð hverju sinni. Þá benti Hinrik á að síðustu misseri hefðu verið óeðlileg að mörgu leyti þ.m.t. hvað varðaði takmarkaða aðsókn að fundinum en vonandi heyrði það sögunni til.

Hinrik kvað orðið enn vera laust um þriðju tillögu til breytinga á 6. gr. samþykktu er varðar ársfundi. Enginn kvað sér hljóðs. Hinrik bar tillöguna upp til atkvæðagreiðslu og var tillagan samþykkt samhljóða.

Næst var komið að liðnum kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins.

## 5) Kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins.

Fyrir fundinum lá tillaga um að Guðrún Anna Antonsdóttir og Þorsteinn Þorsteinsson yrðu kjörin skoðunarmenn reikninga sjóðsins og var það samþykkt með lófataki. Skoðunarmenn eru kosnir til eins árs í senn.

## 6) Laun stjórnar- og skoðunarmanna.

Fyrir fundinum lá tillaga hækkun um laun stjórnarmanna úr kr. 90.000.- á mánuði í kr. 95.000.- á mánuði, tvöföld fyrir formann og ein og hálf fyrir varaformann. Laun varamanna hækki úr kr. 48.000.- í kr. 50.000.- fyrir hvern setinn fund, þó ekki hærrí en kr. 95.000 á mánuði. Laun greidd eins og laun bankamanna.

Hinrik gaf orðið laust um tillöguna um að hækka laun stjórnarmanna og laun varamanna. Enginn bað um orðið. Hinrik bar tillöguna til atkvæðagreiðslu og var tillagan samþykkt samhljóða.

Þá lá fyrir fundinum tillaga um að hækka laun skoðunarmanna úr kr. 48.000.- á mánuði í kr. 50.000.- á mánuði. Laun greidd eins og laun bankamanna.

Hinrik gaf orðið laust um tillöguna um að hækka laun skoðunarmanna. Enginn bað um orðið. Hinrik bar tillöguna til atkvæðagreiðslu og var tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

## 7) Önnur mál.

Málefni Hlutfallsdeildar.

Hinrik gaf Tryggva orðið til að fjalla um stöðu mála hjá Hlutfallsdeild.

Tryggi tók til máls og sagðist hafa gert það að venju síðustu ársfundi að fara yfir stöðu mála hjá Hlutfallsdeild undir liðnum „önnur mál“. Tryggvi sýndi glærur máli sínu til stuðnings og eins og fram hefur komið í þessari fundargerð þá eru glærur fundarins aðgengilegar á vefsíðu sjóðsins undir fréttaliðnum „Niðurstöður ársfundar 2021“. Glærur Tryggva um málefni Hlutfallsdeildar má finna á bls. 54-55 í glærुकynningu.

Tryggvi fór fyrst yfir tímalínu málsins og sýndi myndræna framsetningu á glæru 54 samhljóða þeirri umfjöllun.

Næst nefndi Tryggvi að fyrir einskæra tilviljun hefði verið fyrirtaka í málinu þennan sama dag hjá héraðsdómi þar sem gagnaöflun hefði loks verið lýst lokið og boðað hafi verið til málflutnings í málinu þann 18. október nk. með þremur dómurum ef svo mætti segja, þ.e. héraðsdómara og tveimur sérfróðum meðdómendum. Nefndi Tryggvi að gera mætti ráð fyrir að niðurstaða héraðsdóms liggja fyrir um fjórum vikum eftir málflutning og óháð niðurstöðunni væri líklegt að niðurstöðu héraðsdóms verði áfrýjað til æðra dómsstigs. Gera mætti því ráð fyrir endanlegri niðurstöðu málinu á árinu 2022, líklega ekki fyrr. Tryggvi lauk máli sín og þakkaði fyrir.

Hinrik gaf orðið laust undir liðnum önnur mál og um málefni Hlutfallsdeildar. Enginn fundarmaður óskaði eftir því að taka til máls.

Hinrik þakkaði fyrir góðan fund. Fundarstjóri og fundarritari fengu umboð til þess að ganga frá fundargerð fundarins.

Fundi var slitið um kl. 19:00. Fundarmenn voru um 31 talsins.

**Reykjavík, 23. júní 2021**

Fundarstjóri:

Hinrik Greipsson

Fundarritari:

  
Pálmi Rögnvaldsson